

Fjallalax ehf.
Strandgötu 1
465 Bíldudalur

Reykjavík, 21.12.2021
UST202102-436/H.S.J.
08.12.02

Efni: Reglubundið eftirlit þann 3.12.21 hjá Fjallalaxi ehf. að Hallkelshólum

Þann 3. desember sl. fór fram eftirlit í fiskeldisstöð Fjallalax, áður Fjallableikju, Hallkelshólum. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Engin ný frávik komu fram við eftirlitið en þrjár ábendingar voru settar fram.

Sex frávik voru skráð í eftirliti 2. desember 2020, sbr. bréf dags. 21. desember 2020. Þremur frávikum er varða umframframleiðslu er lokað á grundvelli þess að stöðin hefur síðan verið tæmd. Fráviki er varðar skráningar á losun fosfórs og köfnunarefnis verður fylgt eftir á grundvelli nýs starfsleyfis, sem er í vinnslu. Tvö frávik, skráð 2. desember 2020, er varða gr. 2.3 í starfsleyfi annarsvegar og greinar 2.1 og 2.2 hinsvegar, eru enn opin. Umhverfisstofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindum frávikum í samræmi við 58. gr. reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 17. janúar 2022.

Virðingarfyllst

Hulda Soffía Jónasdóttir
sérfræðingur

Frigg Thorlacius
lögfræðingur